

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

54. fundur.

Miðvikudaginn 6. ágúst 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum, kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Þorleifur Ingvarsson ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Málafni leikskóla.
2. Önnur mál

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna

1. Málafni leikskóla.

Björn Magnússon gerði grein fyrir því að Ingibjörg Jónsdóttir, Gilá hafi tekið að sér deildarstjórn við leikskólann og jafnframt að vilyrði sé fyrir því að Jóhanna Jónasdóttir, leikskólastjóri á Blönduósi muni veita starfseminni faglega ráðgjöf. Auglýst var eftir leikskólakennara/leiðbeinanda við leikskólann og rann umsóknarfrestur út 31. júlí sl. Tvær umsóknir bárust. Samþykkt var að vísa umsóknunum til umfjöllunar hjá Fræðslunefnd Húnavatnshrepps. Stefnt er að vígslu á leikskólanum 29. ágúst nk. Rætt var um heimgreiðslur til forskólabarna og samþykkt að fella þær niður frá og með 1. sept. nk. og að gæsluvellinum í Húnaveri verði lokað frá sama tíma.

2. Önnur mál

Erindi frá fjallskilanevnd Grímstungu- og Haukagilsheiðar varðandi hreinlætisaðstöðu við Öldumóðuskála og ósk um uppsetningu á vatnssalerni fyrir haustið. Tekið var jákvætt í erindið og sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að málinu.

Erindi frá félaginu "Landnám Ingimundar gamla" þar sem óskað er eftir aðkomu Húnavatnshrepps að umsókn um styrkveitingu vegna fornleifarannsóknna. Samþykkt var að Húnavatnshreppur taki þátt í verkefninu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15.00

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Jón Gíslason

Birgir Ingbórsson

Jóhanna E Pálmadóttir

Ólöf Birna Björnsdóttir

Gróa M Lárusdóttir

Þorleifur Ingvarsson